

Upphaf Happraættis Háskóla Íslands

Lotterí eða happraætti?

Lög er leyfðu rekstur Happraættis Háskóla Íslands voru samþykkt á Alþingi árið 1933. Þó er langt í frá að það hafi verið í fyrsta skipti sem lagafrumvarp um happraættisrekstur var rætt á Alþingi. Fyrst var raunar flutt frumvarp um happraætti á Alþingi árið 1905, en það hlaut litla umfjöllun og sofnaði, enda sagðist flutningmaður hafa lítinn áhuga á framgangi þess, heldur hafa flutt málið að beiðni manns úti í bæ. Árið 1912 var hins vegar flutt frumvarp sem varð að lögum eftir heiftarlegar deilur í þinginu. Þau lög komu samt aldrei til framkvæmda, væntanlega einna helst vegna andstöðu frá dönskum hagsmunaaðilum. Þess má til gamans geta að bæði þessi frumvörp voru um "lotterí", en í umfjöllun þingsins 1912 kom Bjarni frá Vogu, sem raunar var harður andstæðingur málsins, fram með nýyrðið happraætti. Því var illa tekið og fullyrt að það myndi aldrei þrífast í munni alþýðu. Bjarni flutti sérstaka breytingartillögu um að "lotteríð" skyldi heita happraætti, en hún var kolfelld í þinginu. Árið 1924 var enn flutt frumvarp um happraættisrekstur, og nú datt engum í hug að kalla það lotterí, en það sofnaði í þinginu. Árið 1926 var flutt frumvarp sem var samþykkt eins og frumvarpið 1912, en árangurinn varð sá sami - enginn. Í öllum þessum tilvikum var gert ráð fyrir að happraættin væru rekin af einkaaðilum, íslenskum og dönskum. Ymsar efasemdir komu fram við umræður bæði um raunverulega eignaraðild og ágóða ríkissjóðs af happraættunum. Siðferðilegar spurningar voru einnig háværar.

Háskólahappraætti

Það var sjö árum síðar sem næsta frumvarp var flutt og þá þurfti enginn að velkjast í vafa um hver ræki happraættið né í hvað hagnaður ætti að fara. Þó var langt í frá að allir væru sammála um að stofna til happraættis þá eins og fyrr og því síður um að ágóðinn ætti að renna til Háskólans. Er það raunar í stíl við ótrúlegt tómlæti, svo vægt sé til orða tekið, sem stjórnvöld höfðu sýnt málefnum Háskólans.

Alþingi hafði árið 1932 samþykkt lög um byggingu fyrir Háskólann. Hann hafði allt frá því að hann hóf starfsemi sína árið 1911 kúlðrast í Alþingishúsinu og var þar orðið allt of þröngt um hann, og raunar þingið líka. Á fyrsta starfsárinu voru nemendur 45 en árið 1930 voru þeir komnir yfir 140 og þótti mörgum nóg um!

Talsverður aðdragandi var að þessu frumvarpi og ekki stökk það strax fullskapað inn í þingið. Mikinn fróðleik um það mál er að finna í tveimur bókum sem hér verður einkum vitnað til. Annars vegar er saga Háskóla Íslands eftir Guðna Jónsson prófessor sem Háskólinn gaf út á hálfri aldar afmæli sínu, 1961. Hins vegar er "Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands" eftir Pál Sigurðsson prófessor sem Háskólinn gaf út á 75 ára afmæli sínu árið 1986. Verða tilvitnanir í þær bækur hér auðkenndar með GJ og PS ásamt blaðsíðutölum. Aðrar tilvitnanir eru úr Alþingistíðindum árið 1933.

Háskóli á hrakhólum

Fyrir 1930 höfðu farið fram miklar umræður um húsnæðismál skólans eins og geta má nærri. Stöðugt þrengdist um hann og vægt er til orða tekið að segja að aðstaða hans hafi verið óviðunandi.

Árið 1928 lýsir þáverandi háskólarektor, próf. Ágúst H. Bjarnason, húsnæðisástandi skólans með ljósum orðum í setningarræðu sinni og segir þar svo:

"Þá er annað, sem mjög hefir bagað háskólann, og það er húsnæðisleysið. Dæmi eru til þess, að nemendur úr lækna-deild, sem eins og kunnugt er, er fjölmennasta deild háskólans, hafa orðið að hlýða á kennslu í kytru nokkurri hér í háskólanum, sem frekar líkist forstofu en stofu, og flestir þó

standandi, af því að engin voru til sætin handa þeim, enda ekkert rúm fyrir þau. Tvær kennslustofur háskólans eru nú alsettar bókum með öllum veggjum og svo lítið pláss fyrir bækur þær, sem háskólanum berast, að þær liggja í haugum uppi á háalofti þinghússins og raunar víðar. Þó er einna verst farið með rannsóknarstofur háskólans; svo ónógt og illt er húsrúm það, sem þær hafa, að ekki er lengur við unandi (GJ, bls. 216-217)".

Ef til vill hefur enginn lýst ástandinu í húsnæðismálum háskólans á þessu tímabili á snjallara og einfaldara hátt en Ólafur Rósenkranz háskólaritari: "Þar er ekki pláss fyrir eldspýtnastokk", sagði hann. (GJ, bls 217)

Hvar og hvernig?

Skömmu síðar komst nokkur hreyfing á málið. Allengi hafði verið talað um að reisa háborg íslenskra mennta á Skólavörðuholti í Reykjavík og meðal helstu talsmanna þess var Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, sem hafði gert bæði teikningar og líkan af byggingunum. Mönnum var hins vegar að verða ljóst að þar yrði ekki nægilegt svigrúm fyrir háskólasvæði og það var Knud Zimsen borgarstjóri í Reykjavík sem leysti málið með því að bjóða fram landssvæðið sem háskólinn var síðan reistur á. Samtímis þessu bar Jónas Jónsson menntamálaráðherra fram frumvarp um byggingu háskólans sem þrjú þing þurfti til að afgreiða. Sá var þó hængur á að aðeins var um leyfi að ræða. 1.gr. frumvarpsins hljóðar svo:

1. gr.

Á árunum 1934-1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger. (GJ, bls 222).

Þarna var sem sagt komið leyfi til að byggja þegar fé yrði til þess veitt á fjárlögum. En þar stóð hnifurinn í kúnni. Alþingi þóttist hafa margt gagnlegra að gera við fjármuni ríkiskassans í krepunni miklu sem um þetta leyti reið yfir Ísland eins og önnur vestræn ríki. Háskólamenn höfðu enga tryggingu fyrir því að fjármagn fengist á fjárlögum fyrir 1940 og lengra náði heimild laganna ekki. Því má nærri geta hvort menn hafi ekki reynt að leita annarra leiða til að láta drauminn um byggingu háskóla rætast.

Frá hugmynd til veruleika

EKKI er alveg ljóst hver fyrstur fékk þá hugmynd að afla fjár með happdrætti fyrir háskólabyggingu. Samkvæmt bók prófessors Páls Sigurðssonar bendir þó allt til þess að það hafi verið Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins. Guðjón leitaði til tveggja manna sem hvorir tveggja voru "jarðýtur" þegar þeir tóku mál upp á sína arma, nefnilega Jónasar Jónssonar frá Hriflu og prófessors Alexanders Jóhannessonar, háskólarektors. Alexander barði niður allar vantrúarraddir í háskólanum og Jónas barðist fyrir málinu á Alþingi, en það var Magnús Jónsson, prófessor í guðfræði, sem flutti málið þar. Lesa má um þessa sögu í riti Páls Sigurðssonar, fyrra bindi, bls. 171-178. Rétt er að benda á vegna þess er síðar kom fram við umræður á Alþingi að Magnús Jónsson sá vel fyrir sér ýmsa örðugleika við að koma málinu í gegn þar. Á bls. 177 í bók PS er vitnað í minningargrein prófessors Sigurðar Nordal um Alexander Jóhannesson og segir þar:

Í febrúar 1933 kvaddi rektor saman kennarafund og bar fram þá tillögu, að Háskólinn sækti til Alþingis um einakeyfi til peningahappdrættis í því skyni að afla fjár til háskóla-byggingar. Málinu var vísað til háskólaráðs, og þar voru síðan þrír menn kosnir í nefnd til þess að vinna að því, rektor og við Magnús Jónsson. Af því að ég átti þá ekki sæti í háskólaráði, komu þeir Alexander og Magnús heim til mín þegar að fundi ráðsins loknum. Magnús gerði fyrstur grein fyrir sinni skoðun, enda var hann þá þá rektor alþingismaður og öllum hnútum kunnugur. Hann sagði að eins og nú blési í þinginu, væri það allra skásta, sem fyrir slíkt happdrættisfrumvarp gæti komið, að það yrði steindrepið. En að öllum líkindum mundi málinu jafnvel reiða svo vel af. Hugmyndinni yrði stolið frá Háskólanum og happdrætti

sett á stofn í þágu einhverra verkefna, sem arðvænlegri þættu, eða jafnvel til þess að bæta lélegan hag ríkissjóðs. Hér væri ekkert vit í öðru en fara sem dulast með hugmyndina og reyna að bíða betri tíma og tækifæris. (PS bls. 177.)

Alexander hafði samt sitt fram með sínum ódrepanði dugnaði og sannfæringarkrafti, og þótt Magnús drægi úr málinu á þessum litla og lokaða fundi þriggja vina og samstarfsmanna, tók hann málið upp á sína arma og barðist hart fyrir því í söllum Alþingis.

Í þingsölum

Upphaflega var leitað til fjárhagsnefndar þingsins og hún beðin um að flytja frumvarpið. Því hafnaði nefndin og var það vissulega nokkur fyrirboði um að ekki yrðu allir á eitt sáttir um það. Það var svo menntamálanefnd neðri deildar sem tók að sér að flytja frumvarp um stofnun happdrættis til að fjármagna byggingu háskólans og það var Magnús Jónsson prófessor sem var framsögumaður hennar í málinu.

Langt var frá því að málið færi átakalaust í gegnum þingið. Fjölmörg sjónarmið komu fram við umræðurnar. Fyrir utan efasemdir um réttmæti þess yfirleitt að leyfa happdrættisrekstur voru ýmsir þeirrar skoðunar að rétt væri að verja ágóða af happdrætti til annars en að byggja háskóla og kom þar enn einu sinni fram lítil velvilji margra alþingismanna í garð skólans og æðri menntunar yfirleitt. Þá voru einnig sumir þeirra er sættu sig við að fénu yrði varið til háskólabyggingar andvígir því að ágóði rynni áfram til háskólans, vildu takmarka happdrættisleyfið við stuttan tíma. Enn aðrir vildu að ágóði rynni til byggingarsjóðs ríkisins er hefði það hlutverk að byggja yfir ríkisstofnanir almennt en sumir þeirra sættu sig við að byrjað yrði á háskóla. Þá er að lokum ógetið sjónarmiðs jafnaðarmanna, sem mikið bar á í umræðunni, en þeir vildu láta ágóða af happdrættinu renna til almennra samfélagsmála í gegnum ríkissjóð. Allur ótti manna við að reynt yrði að eyðileggja málið var því fyllilega á rökum reistur. En það átti einnig sína ötulu stuðningsmenn í þinginu. Foringjarnir Ólafur Thors og Jónas Jónsson frá Hríflu, sem oftast voru á öndverðum meiði, sneru bökkum saman og börðust fyrir frumvarpinu.

Þingskjal 158

Frumvarpið sem var flutt var á þingskjali númer 158 og hljóðaði þannig:

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina: Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði. Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir að það sé hentugra. Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum. Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið. Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað sð setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlöggðum sektum, 200-2000 kr. Þó getur raðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t.d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma,

lengst eitt ár.

3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

4. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eð aukaútsvars það ár, sem vinningar falla.

5. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði, 1934. Með samþykkt þessa frumvarps var nær þriggja áratuga þrautagöngu happdrættismálsins lokið í þinginu. Nú var komið að Háskólanum sjálfum að setja happdrættið á laggirnar og þar tóku menn til óspilltra málanna.

Sjónarmiðin að baki frumvarpinu

Fróðlegt er að líta á greinargerðina með frumvarpinu, því hún endurspeglar vel þau sjónarmið er lágu að baki því. Í upphafi hennar segir svo:

Með lögum nr. 31, 23. júní 1932, er svo kveðið á, að landsstjórninni sé heimilt að láta reisa hús handa Háskóla Íslands á árunum 1934-1940, eftir því sem fé er til þess veitt. Með þessu hefir Alþingi viðurkennt, að þessari bygging þurfi að koma upp sem fyrst, enda mun það alviðurkennt, að hér sé um aðkallandi þörf að ræða. Háskólinn hefir orðið að búa við allsendis ófullnægjandi húsnaði frá stofnun hans, árið 1911, og er í því efni langverst settur allra skóla landsins.

Eins og nú er högum háttað, eru ekki miklar líkur tikið þess, að fé verði fyrir hendi í þessu skyni eða að fært þyki að taka fjárveitingar til þessa húss í fjárlög fyrst um sinn. Er því sennilegt, að afla þurfi til þess fjár með sérstökum hætti, ef þessi áform eiga að komast í framkvæmd. Er frumvarp þetta borið fram í þeim tilgangi að gera tilraun til slíkrar fjáröflunar án þess að ríkissjóði verði til þyngsla. Má svo segja, að með þessari aðferð sé leitað í ákveðnu formi frjálsra samskota til þess að hrinda einu af nauðsynjamálum þjóðfélagsins í framkvæmd, nauðsynjamáli, sem að öðrum kosti hlýtur að lenda á ríkissjóði.

Frumvarpið er í öllum aðaldráttum sniðið eftir frumvarpi því um íslenskt ríkishappdrætti, sem borið var fram á Alþingi 1925. Hafði málið þá verið ágætlega undirbúið af erlendum sérfræðingum, og happdrættið sniðið sérstaklega eftir Det kgl. Köbenhavnske Klasseslotteri, sem hefir nú starfað um nálega tveggja alda skeið og jafnan þótt hin merkasta stofnun í sinni grein og gefið góðan arð. Hefir háskólaráðið nú tekið upp þessa hugmynd, að setja á stofn slíkt happdrætti og verja ágóða þess til húsbyggingar handa háskólanum, og sent erindi um það.

Hart tekist á

Sem fyrr segir skiptust menn í ýmsa hópa til þessa nýmælis. Það var sem fyrr segir Magnús Jónsson prófessor er hafði framsögu fyrir frumvarpinu í neðri deild, og hann barðist ötullega fyrir framgangi málsins. Í efri deild sat Jónas Jónsson frá Hríflu og hann barðist fyrir málinu þar og mun hafa haft drjúg áhrif á sína flokksmenn í neðri deild einnig. Fljótlega kom í ljós að ríkið ágirtist hluta hagnaðarins í happdrættinu. Frumvarpinu var vísað til fjárhags-nefndar sem upphaflega hafði neitað að bera það fram í andstöðu við Magnús Jónsson og hún bar fram breytingartillögu, sem enn í dag hefur mikil áhrif

á fjárhag happdrættisins og þar með Háskólans. Í nefndaráliti segir svo:

Nefndin hefir athugað frv. og átt tal við fjármálaráðherra um málið. Leggur hann áherzlu á, að 20% af nettóársarði af happdrættinu renni í ríkissjóð. Hefir nefndin til samkomulags aðhyllt þá tillögu og orðið sammála um að afgreiða málið með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr.

Aftan við e-lið bætist: enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

Þessi breyting var samþykkt og önnur einnig sem fjallaði um það, að þegar nægilegs fjár hafi verið aflað til að byggja háskólahúsið skuli ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það. Hreinum ágóða skuli svo varið til að mynda sjóð, sem nefndist Byggingarsjóður Íslands. Tekjum hans skuli svo varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuði þingi í hvert skipti til þess að reisa opinberar byggingar eftir þörfum.

Þótt ásælni í fé happdrættisins væri mikil í þinginu tókst að öðru leyti að verja grundvallarmarkmið frumvarpsins. Ólafur Thors var ötull við það í neðri deild.

Það hafa verið samþ. lög, sem heimila stj. að byggja háskóla, ef fjárhagur ríkisins leyfir. Í þessari samþ. felst viðurkenning á brýnni þörf á háskólabyggingu og jafnframt á skyldum ríkisins til þess að styðja þetta mál. Rektor háskólans, prófessorarnir og háskólastúdentar og aðrir akademískir borgarar líta svo á, að þessi vilji, sem kom fram í samþ. í fyrra, sé þakkarverður, en ekki nægilegur. Telja þeir nauðsynlegt að leysa þetta viðfangsefni á annan hátt, finna önnur ráð, sem fremur næðu samþykki þingsins, án þess að þína ríkissjóð til fjárframlaga í þessu skyni. Til þessa virðist einmitt hugmyndin um happdrætti vel fallin, þar sem arðurinn af því rynni til háskólabyggingar. Mér virðist óþarft að fara mörgum orðum um frv. Það er stutt og greinargott og skýrir sig að mestu leyti sjálft, og það, sem á vantar, er tekið fram í grg. Hér er aðalatriðið, hvort menn viðurkenni þörfina fyrir háskólabyggingu. Ég fyrir mitt leyti get ekki neitað því, að mér finnst tæplega unandi við þau húsakynni, sem háskólinn hefir, svo að ég segi ekki meira, sem fremur er sanni nær, að það sé hrein og bein minnkun að bjóða háskóla upp á önnur eins húsakynni.

Ég geng þess ekki dulinn, að t.d. stj.ráðshúsið er orðið algerlega ófullnægjandi, svo að tignir erlendir gestir hafa varla tréstöla til þess að sitja á, meðan þeir bíða eftir viðtali við ráðherra. Ég get gengið inn á, að brýn þörf væri á því að byggja hús fyrir stjórnarráðið, sem fullnægði betur kröfum tímans, en af því að hugmyndin er að koma þessu happdrætti upp til ágóða fyrir háskólabyggingu, og þar sem rektor háskólans á uppástunguna, þá væri ódregilegt að segja sem svo: Frv. er gott, en við tökum ágóðann af happdrættinu fyrir annað.

Fleiri vilja sneið af kökunni

Haraldur Guðmundsson þingmaður Alþýðuflokksins var þessu ekki sammála, því hann vildi að fjármagnið rynni annað.

Það er vissulega alveg rétt, að það er mikil þörf á því að bæta úr húsnæðisskortri háskólans, og ég tel engan vafa á því, að allir þm. séu sammála um það. En hitt er víst, að margt er enn meir aðkallandi nú á þessum tíma. Ég býst því ekki við að geta greitt þessu frv. atkv. mitt. Ég álit, að það sé gersamlega ómögulegt að forsvara það, að þetta þing hætti svo störfum, að það geri ekki ýmsar stórfelldar ráðstafanir vegna kreppunnar. Og það er alveg víst, að það verður ekki nema kák, ef ekki er tryggt um leið að fé fáist til þessa. Ég býst við því, að síðar verði bornar fram í þessari hv.d. till. um slíkar ráðstafanir.

Aðrir vildu láta ríkið reka happdrættið og ráðstafa tekjum að vild. Hannes Jónsson þingmaður Vestur-Húnavetninga úr Framsóknarflokki flutti róttækar breytingartillögur, sem í stuttu máli gerðu ráð fyrir að stofnað yrði ríkishappdrætti og skyldi hreinn ágóði þess ganga til þess að mynda sjóð, sem nefndist byggingarsjóður Íslands. Tekjum hans átti að verja samkvæmt ályktun á fundi sameinaðs Alþingis í hvert skipti eftir því sem til ynnist og þörf krefði. Aldrei mætti þó binda þannig fyrirfram væntanlegar tekjur sjóðsins. Í umræðunum sagði Hannes:

Það er enginn nýr gestur á hæstv. Alþ., frv. um happdrætti. En þegar það hefir verið hér á ferð, hefir aðallega verið um það rætt, hvort það væri hollt fyrir hugsunarhátt þjóðarinnar eða ekki, og hvort það ætti að vera eða ekki. Það kann að vera, að hv. þm. álfíti það nú ekki óhollt. Ég tel, að ekki nein veruleg hættu geti af því stafað. En ég gat ekki orðið sammála samnm. mínum um fyrirkomulagið. Ég tel það óheppilegt spor, sem stigið hefur verið hér á þingi, í þá átt að binda tekjur ríkisins um langt árabil. Nú geri ég að vísu ráð fyrir því í brtt. minni á þskj. 229, en að þær séu þó bundnar á nokkuð annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. sjálfu. Í því er gert ráð fyrir að veita einkarétt á happdrætti. En ef það er stofnað hér á landi, þá á það að vera rekið af ríkinu sjálfu strax. Því að það er hætt við, að aðrir vildu annars síðar fá svipað einkaleyfi og með sama rétti og háskólinn vill nú fá það. Það er fjarstæða, sem hv. frsm. hélt fram, að það sé verið að reyna að stela þessari hugmynd frá háskólanum, með því að flytja brtt. eins og mína. Það mætti frekar segja, að háskólinn hafi stolið hugmyndinni frá ríkissjóði, því að árið 1925 var svipað frv. flutt hér á þingi, til þess að reyna að ná tekjum fyrir ríkissjóð. Flm. þess þá, hv. núv. 3. þm. Reykv., taldi einn höfuðkost þess frv. það, að með því fengjust vissar tekjur fyrir ríkissjóð, sem hann áleit þá, að full þörf væri fyrir. Hafi sú þörf verið þá, mun hún ekki síður brýn nú. Þess vegna vil ég breyta frv. nú í það horf, sem frv. 1925 hafði, að láta veita ríkissjóði tekjur þess.

Sættir nást

Jónas Þorbergsson þingmaður Dalamanna (Framsóknarflokki) var mikill vinur og stuðningsmaður Jónasar frá Hríflu og vildi að frumvarpið kæmist í gegnum þingið. Hann sá að andstaðan var mikil og flutti því breytingartillögu til sátta. Hún var á þingskjali 251 og var svohljóðandi:

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum

Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands, Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

2. Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Í framsögu sinni fyrir tillögunni sagði Jónas m.a.:

Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 251. Ég skal játa það, að ég hefði felt mig betur við, að málið hefði verið borið fram í svipuðum farvegi eins og hv. þm. V.-Húnv. hefir gert í sinni brtt., ef hann hefði viljað láta það vera tryggt, að þörf háskólans yrði fyrst fullnægt með ágóða af happdrættinu. En þar sem hann virðist vera fjarri þeirri stefnu, þá geri ég ekki ráð fyrir að við getum orðið samferða. Hinsvegar ber ég fram brtt. þessa til þess að byggja brú milli þeirra, sem vilja styrkja háskólann um 10 ára bil með því að veita honum þetta einkaleyfi, og hinna, sem vilja ríkishappdrætti. Eftir minni till. er gert ráð fyrir því, að þegar þörf háskólans væri leyst, sem gæti orðið innan 10 ára, þá yrði málinu komið í þann farveg, sem hv. þm. V.-Hún. vill láta það falla í nú þegar. Mig furðar á því, hve lítills hann metur við mig, að ég vil þannig leitast við að koma til liðs við hann í málinu. Það hafa ábyggilega verið fleiri en Hannes Jónsson, sem kunnu lítið að meta það við Jónas að hafa flutt þessa breytingartillögu, því hún varð m.a. til þess að koma málinu í höfn. Sýnilegt er að margir voru einfaldlega á móti því að háskólinn fengi notið happdrættishugmyndarinnar og má kannski segja að þarna hafi mest gamall og nýr hugsunarháttur í garð menntunar, sem engin leið var að sætta. Tillaga Jónasar varð hluti af lögnum og síðar felld brott við endurskoðun þeirra. Væntanlega hafa flytjandi og stuðningsmenn tillögunnar einmitt hafa séð það fyrir og því talið litla hættu samfara því að samþykkja hana.

Úr neðri deild fór frumvarpið til þeirrar efri, sem gerði ekki breytingar á því. Helsti andstæðingur þess þar var Jón Baldvinsson í Alþýðuflokki, en menn þar á bæ vildu nota arðinn af happdrættinu til ýmissa samfélagslegra aðgerða, eins og fyrr segir.

Lögin frá 1933

Lögin um Happraætti Háskóla Íslands voru afgreidd frá efri deild þingsins 3. maí 1933 og hljóða svo:

Lög
um stofnun happraættis fyrir Ísland.

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslensks happraættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.

b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir að það sé hentugra.

c) Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happraættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happraættinu. Kostnaðinn af þessu ber happraættið.

e) Einkaleyfið til að reka happraættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happraættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hreinum ágóða af happraættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

3. gr.

Frá því er happraættið tekur til starfa er bannað sð setja á stofn nokkurt annað peningahappraætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happraætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200-2000 kr. Þó getur raðherra veitt undanþágu að því er kemur til happraættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t.d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happraættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happraættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happraættinu við útreikning tekjuskatts eð aukaútsvars það ár, sem vinningar falla.

6. gr.


Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði, 1934.

Með samþykkt þessa frumvarps var nær þriggja áratuga þrautagöngu happdrættismálsins lokið í þinginu. Nú var komið að Háskólanum sjálfum að setja happdrættið á laggirnar og þar tóku menn til óspilltra málanna.

Háskólamenn hefjast handa



Eins og fram er tekið í lögnum átti ráðuneytið að setja reglugerð um starfsemi happdrættisins. Ítarleg reglugerð leit dagsins ljós 16. september 1933.

Samkvæmt reglugerðinni kaus háskólaráðið stjórn happdrættisins. Í fyrstu stjórn þess voru kosnir Alexander Jóhannesson rektor háskólans og prófess-ormarnir Bjarni Benediktsson og dr. Magnús Jónsson. Fjármálaráðherra skipaði happdrættisráð og í því sátu dr. Páll Eggert Ólason, skrifstofustjóri í ráðuneyti-inu, Eggert Claessen hrm, Gunnar Viðar hagfræðingur, síra Ragnar Kvaran og Sigurður Ólason cand jur.

Stjórnin tekur til starfa

Stjórn happdrættisins tók til starfa 10. júní 1933 og er það nokkuð sérkennilegt, því reglugerð um tilurð hennar og hlutverk var ekki sett fyrr en hálfum fjórða mánuði síðar. Hún kaus dr. Alexander sér fyrir formann og réði Pétur Sigurðsson háskólaritara sem framkvæmdastjóra fyrirtækisins "um eins árs skeið fyrst um sinn" eins og segir í fundargerðabók happdrættisins. Það varð þó öllu lengri ráðning, því Pétur gegndi starfinu til áramóta 1963-64. Á þessum fyrsta fundi stjórnarinnar var einnig ákveðið að senda Pétur utan í byrjun júlímánaðar til að kynna sér fyrirkomulag erlendra happdrætta, einkum hins danska. Var stjórnarformanni falið að skrifa sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og biðja hann um að snúa sér til framkvæmdastjóra Klasselotteriet í Danmörku og biðja hann um að taka á móti Pétri. Á næsta fundi var svo samþykkt að styrkja Pétur um 1500 krónur til fararinnar og mánaðarleg þóknun hans var ákveðin 250 krónur.

Það er ljóst af fyrstu skýrslu stjórnar happdrættisins sem prentuð er í Árbók Háskóla Íslands háskólaárið 1934-1935, bls. 54-57, að henni hefur þótt vissara að yta gætilega úr vör. Þar segir í upphafi:

Samkvæmt heimild í lögum nr. 44, 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Íslands, var háskólanum 4. júlí 1933 veitt einkaleyfi um 10 ár til rekstrar happdrættis hér á landi. Um sama leyfi kaus háskólaráðið prófessorana dr. Alexander Jóhannesson, Bjarna Benediktsson og dr. Magnús Jónsson til þess að veita happdrættinu forstöðu fyrir hönd háskólans, en þeir réðu Pétur Sigurðsson háskólaritara sem framkvæmdastjóra fyrir happdrættið. Var allur nauðsynlegur undirbúningur framkvæmdur síðari hluta árs 1933, og tók happdrættið til starfa 1. jan. 1934.

Með því að óvíst þótti, hversu mikið mundi seljast af happdrættismiðum fyrsta árið, en áhætta happdrættisins verður því meiri sem minna er selt, var ákveðið, að ekki skyldi á þessu ári haft á boðstólum nema helmingur hvers númers eða 25000 hálfir hlutir í stað 25000 heilla hluta. Fyrir því voru aðeins prentaðir fjórðungsmiðar 50000 að tölu, með númerum 1-25000 og merktir A og B.

Í þessari fyrstu ársskýrslu kemur einnig fram að ágóði af rekstri happdrættisins á fyrsta starfsári þess var kr. 116.772,99. Af því fékk ríkið sín 20% eða kr. 23.354,60, þanig að nettó ágóði var 93.418,39, eða nær sjötti hluti þess sem háskólabýgging átti að kosta samkvæmt háskólalögunum frá 1932. Þess má svo geta í þessu sambandi að ágóðahlut ríkisins af rekstri happdrættisins fyrstu árin var síðar varið til að byggja atvinnudeildarhúsið svokallaða, sem var fyrsta húsið er reis á háskólalóðinni, að undanskildum Stúdentagarðinum (Gamla Garði). Þetta er húsið við norðurenda aðalbyggingar háskólans, sem síðar var kallað jarðfræðihúsið en er nú komið í eigu Þjóðminjasafnsins.

Sjálfsagt hefur verið rétt að fara varlega af stað. Salan gekk hins vegar mjög vel og líklegt er að enn meira hefði verið selt ef meira hefði verið í boði, því hafa verður í huga að miðum var dreift á umboðin og því líklegt að sums staðar hafi miðar þorrið. Rúmlega 85% miðanna seldust fyrir fyrsta útdrátt og salan fór yfir 90% í þriðja útdrætti.

Happdrættisráð tekur til starfa

Sem fyrr segir skyldi fjármálaráðuneytið skipa happdrættisráð, er meðal annars átti að hafa eftirlit með dráttum í happdrættinu og sjá til þess að þar væri fyllsta öryggis gætt. Happdrættisráðið tók nokkru síðar til starfa en stjórn happdrættisins, enda hlutverk þess annað. Fyrsti fundur ráðsins var ekki haldinn fyrr en síðast í febrúar, aðeins nokkrum dögum áður en fyrsti útdráttur átti að fara fram. Happdrættisráðið hélt að sjálfsögðu gerðabók yfir fundi sína og þar er mikinn fróðleik að finna um starfsemina. Tilvitnanir hér á eftir í þá bók eru auðkenndar með H.ráð og blaðsíðutali í gjörðabók.

Ár 1934

28. febrúar kom Happdrættisráð Íslands saman í fyrsta sinn. Meðlimir ráðsins, sem skipaðir voru af fjármálaráðuneytinu 26. september 1933 voru þessir:

Páll Eggert Ólason formaður
Eggert Claessen hrm
Ragnar Kvaran cand. theol.
Sigurður Ólason lögfr.
Gunnar Viðar hagfr.

Ritari nefndarinnar var kosinn Gunnar Viðar með 3 atkvæðum sbr. 6.gr. laga nr. 44 19. júní 1933.
Sigurður Ólason fékk 2 atkvæði.

Fyrir fundinum lá erindi frá Eggert Claessen hrm. í þá átt að bæta við reglugjörð happdrættisins nánari ákvæðum um eftirlit með dráttunum. Var samþykkt að fela Eggert Claessen hrm. og Bjarna Benediktssyni prófessor að athuga málið nánar í sameiningu og gera um það tillögur. Á Bjarni Benediktsson prófessor sæti í stjórn happdrættisins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Páll Eggert Ólason Gunnar Viðar
Eggert Claessen Ragnar Kvaran

(H.ráð bls. 1)

Þeir Eggert og Bjarni skiluðu tillögum á næsta fundi, en ekki er þess getið í fundargerð hverjar þær voru. 3. fundur er svo haldinn daginn fyrir útdráttinn, sem var 10. mars. 1934. Fundargerð þess fundar fer hér á eftir, enda lýsir hún í smáatriðum störfum ráðsins og hlutverki þess. Þegar rætt er um hlutastokk annars vegar og vinningastokk annars vegar í fundargerðunum, er í raun átt við tromlur tvær sem dregið var úr. Í stærri tromluna voru settir miðar með öllum númerum, í þá minni miðar með þeim vinningsupphæðum er dregð var um í hverjum útdrætti. Fyrst í stað voru það tvö börn er drógu út miðana. Annað dró út númer úr stóru tromlunni, hitt dró miða úr tromlunni sem miðarnir með upphæð vinninga var í. Svo voru númer og vinningar lesin í heyranda hljóði og vitanlega skráð, uns miða þraut úr vinningatromlunni, þá var útdrætti lokið.